



06/05 2019

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 27 1.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Magni Rafn, Helgi M Ingason, Hilmar Guðmannsson, Einar Hafsteinsson, Margrét Arnarsdóttir, Björn Hilmarsson, Gauti Þorvaldsson, Jakob Þ Leifsson, Viðar M Þorsteinsson, Arnar Þór Björgvinsson, Svavar Jón Bjarnason, Hafsteinn Hreiðarsson, Hilmar Guðmannsson og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Adam Kári Helgason og Berglind Leifsdóttir

Fundur settur 18:10

Borgþór setur fundin og minnir fundarmenn á að vera málefnalegir í umræðum.

Kristján formaður RSÍ kynnir ný undirskrifaða samninga.

- Yfirvinna 1 og yfirvinna 2, talað um refsialag (60% og 84%)
- Bakvaktir hækka vegna styttingar vinnuviku (deilitala)
- Byrjunarlaun sveins hækka mest eða um 31% á samningstímanum
- Iðnnemar hækka um 33% (Hlutfallslega mest)
- Fer yfir breytt fyrirkomulag með styttingu vinnuviku
- Miklar umræður um yfirvinnuna, prósentur og krónutölur.
- Allt háð samningi milli fyrirtækis og starfsfólks
- Hitaumræður um fyrirkomulag yfirvinnu og hvort raunhæft sé fyrir rafiðnaðarmenn að semja við vinnuveitendur um styttingu vinnuviku.
- Símaónæði, þarf að skilgreina betur, setur ekki ramma heldur samningsatriði milli vinnuveitanda og starfsmanna
- Ákvæðisvinna, var horfið frá hækkingu um 3,4% sem FÍR samdi um við SART!? Hækkar um 2,7%, sem er væntanlega kaupmáttarskerðing næstu ár.

Svavar spyr af hverju hafi allt í einu verið hætt við átök

- Kristján svarar að samninganefnd iðnaðarmanna hafi talið að ávinningur samningsins væri það mikill að hægt væri að leggja hann í kosningu.
- Miklar deilur almennt um fyrirkomulag samnings

Kristján yfirgefur fundin

10 mín kaffihlé enda eru fundarmenn ekki búnir að selja kaffitímana

- Boggi fer yfir nokkur atriði varðandi þing RSÍ, myndatöku stjórnar og trúnaðaráðs
- Kosningar á þinginu, lagabreytingar ofl
- Lagabreyting um reiknireglu fyrir þingfulltrúa sem send var til miðstjórnar hefur verið breytt, Ævar tekur að sér að láta laga það.

Aðild Grafíu að Rafiðnaðarsambandinu

- Umræður um aðild Grafíu að Rafiðnaðarsambandinu
- Tveir starfsmenn Grafíu munu vinna hjá Rafiðnaðarsambandinu meðan sólarlagsákvæðið er í gildi (4 ár).



- Geta formenn orðið starfsmenn RSÍ?? Georg, Jakob, Boggi o.s.frv. Á að breyta lögum þingsins til þess að varaformaður RSÍ geti orðið að fullu starfi.
- Gallar þess að Grafía gangi inn í RSÍ.
- Þegar FÍR lagði af stað með þessa byltingu voru allir fullir af eldmóði, núna hafa engar breytingar orðið á RSÍ og þetta er eins og einhver helvítis saumaklúbbur.
- Innri mál RSÍ rædd á mjög líflegum nótum
- Miklar umræður um RSÍ og hver áhrif FÍR eru þegar öllu er á botnin hvolfi.
- Hitaumræður um RSÍ og aðildarfélög
- Þarf að fá staðfestingu frá Kristjáni formanni RSÍ hvort varaformaður RSÍ verði starf eða hattur á næstu árum.

Fundi slitið : 22:00